



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
Re: Umsagnarbeiðni
Sent: 06/08/2015 14:23:24 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015070008, Bréfalyklar: 42-8 um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2015070008

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 21. júlí sl., þ.m.t. myndir og teikningar sem fylgdu, en óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmdir við afleggjara að Kálfaströnd.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir málið og gerir ekki athugasemd við framkvæmdirnar eins og þeim er lýst.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
Dags: 21.07.2015 10:55:59
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, Árni Einarsson <arnie@hi.is>
Efni: Umsagnarbeiðni

Beiðni um umsögn vegna framkvæmda Umhverfisstofnunar við afleggjara að Kálfaströnd í Mývatnssveit.

Umhverfisstofnun stefnir að, í samstarfi við Vegagerðina, á stækkun og skipulagningu bílastæðis við afleggjara að Kálfaströnd, við upphaf gönguleiðar að Klösum. Mikilvægt er að bregðast við auknum ferðamannastraum með endurbótum á svæðinu en með því má auka líkur á að fólk haldi sig innan þess ramma sem umferð akandi og gangandi er ætlað.

Gönguleiðin að Klösum hefur notið aukinna vinsælda síðustu árin með tilheyrandi álagi á umhverfið og ábúendur. Með endurbótum á bílastæði er gert ráð fyrir að betri tök náist á umferð ökutækja á svæðinu auk þess sem upphaf gönguleiðarinnar verður skýrara. Samhliða bótum á bílastæðið hefur verið unnið að endurbótum á gönguleið að Klösum sem hefur dregið úr álagi á náttúru.

Framkvæmdir við bílastæðið fela í sér jarðvegsvinnu, jarðvegsskipti, stækkun malarpúða sem fyrir er og malbikun stæðisins. Í framhaldi stefnir Vegagerðin að lagningu bundins slitlags frá vegi 848 að bílastæðinu.

Gert er ráð fyrir að möl verði flutt úr flugvallanámu við Reykjahlíð og jarðvegur verði nýttur við frágang við Kálfastrandarafleggjara og víðar eftir föngum. Framkvæmdir munu fara fram eftir 20. ágúst.

Umhverfisstofnun óskar umsagnar í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 í alla hluta framkvæmdarinnar.

Í viðhengi eru myndir af núverandi bílastæði (pptx) auk teikningar af bílastæðinu (jpg) eins og það verður eftir framkvæmdir.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 822 4039 eða tölvupósti david.hansson@umhverfisstofnun.is

Bestu kveðjur, Best regards

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur, Nature reserve officer
Svið Náttúru, Department for Nature



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

[attachment "afleggjari_kálfaströnd.pptx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Teikning_kálfaströnd.jpg" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]